

Mánudaginn 3. desember 1984.

Nr. 236/1983. **Guðmundur Sigurjónsson**

Þóra B. Ágústsdóttir og

Varmi bílasprautun h.f.

gegn

Ævari Guðmundssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Guðmundur Sigurjónsson, Þóra B. Ágústsdóttir og Varmi bílasprautun h/f, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 4. desember 1984.

Nr. 110/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Miroslav Peter Baly og

Gabriele Uth-Baly

(Örn Clausen hrl.)

Fuglafriðunarlæg. Tilraun. Fjársvik. Upptaka. Réttarfarsvítur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1984 að því er varðar ákærða, Miroslav Peter Baly, og samkvæmt ósk

hans. Ákærða Gabriele Uth-Baly hafði hins vegar lýst yfir því, að hún óskaði eigi áfrýjunar. Með nýrri stefnu 22. júní 1984 var málinu einnig áfrýjað að því er ákærðu varðaði, en þá hafði borist ósk frá henni um áfrýjun. Ákærða var þá horfin úr landi, en samkvæmt umboði frá henni tók Guðmundur Jónsson héraðsdómslögmaður, skipaður verjandi hennar í héraði, við birtingu áfrýjunarstefnu fyrir hennar hönd. Í ákæru þessari krefst ríkissaksóknari þess einnig, að Guðmundi Jónssyni verði dæmd sekt samkvæmt 188. gr. laga nr. 74/1974 fyrir ummæli í bréfi til héraðsdómara 29. maí, en með því kom hann á framfæri beiðni ákærðu um áfrýjun.

Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar að því er bæði hinna ákærðu varðar.

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá í Þýskalandi (Bundeszentral-register) var ákærði, Miroslav Peter Baly, dæmdur í héraðsdómi í Köln hinn 11. júní 1982 í eins árs refsivist, skilorðsbundið til 3 ára, fyrir þrjú meiri háttar þjófnaðarbrot, og hinn 27. ágúst 1982 var hann dæmdur í sama dómi í 20 dagsektir, 30 mörk hverja, fyrir að aka bifreið, sem eigi var tryggð skyldutryggingu.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að ákærði komst úr landi í júnímánuði þrátt fyrir farbann, sem lagt hefur verið á hann. Þá hefur einnig verið frá því skýrt, að ákærða hafi, áður en hún fór úr landi, sett að tryggingu víxil, samþykktan af verjanda hennar í héraði. Víxillinn, sem er nú að fjárhæð 285.000.00 krónur, er varðveittur í dómsmálaráðuneytinu.

Um ákærulið I. Með þessum ákærulið eru ákærðu saksótt fyrir tilraun til eggjatöku í ferð sinni til Íslands 1983.

Refsiákvæði í lögum nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun er að finna í 37.-40. gr. laganna, sbr. nú 47. gr. laga nr. 75/1982. Mælir 37. gr. fyrir um refsingu fyrir ólöglegar fulgaveiðar, 38. gr. fyrir ólöglega eggjatöku, 39. gr. fyrir brot gegn 29.-35. gr. laganna og 40. gr. fyrir að hleypa skoti af í landareign annars manns án leyfis o.fl. Í 2. mgr. 37. gr. segir, að refsa skuli fyrir tilraun til ólöglegra fuglaveiða svo og hlutdeild í slíkum brotum. Samsvarandi ákvæði er ekki að finna í 38.-40. gr. Eins og hér stendur á, þykir eigi tækt að refsa fyrir tilraun til eggjatöku samkvæmt lögjöfnun frá 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, heldur þykir verða að gagnálykta frá 2. mgr. 37. gr. laga nr. 33/1966, að eigi verði

refsað fyrir tilraun til annarra brota gegn lögunum en ólöglegra fuglaveiða. Samkvæmt þessu verður að sýkna ákærðu af þessum ákærulið.

Um ákæruliði II og III. Ákærði lýsti yfir því við meðferð máls þessa, að þessir ákæruliðir væru réttir. Kemur sú játning hans heim við skýrslur, sem hann hafði gefið við rannsókn málsins, en í þeim hafði hann skýrt frá því, að hann hefði komið til Íslands til þess að ná í fálkaegg handa Lütke nokkrum og tekið tvö egg úr hreiðri í Hlíðardal, tvö við Geitafell og fjögur við Harrastaði á Fellsströnd. Ennfremur kannaðist hann við, að hann hefði leitað eftir eggjum í fleiri hreiðrum, án þess að árangur bæri. Þykir ákærði samkvæmt þessu sannur að brotum þeim, sem honum eru gefin að sök í ákærulið II, og ber að refsa honum fyrir eggjatökuna samkvæmt 38. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 33/1966, sbr. 47. gr. laga nr. 75/1982. Tæmir ákvæði þetta sök að því er varðar ákærða, þannig að honum verður ekki jafnframt refsað fyrir vörslur á eggjunum samkvæmt 34. gr., sbr. 39. gr. laganna, svo sem krafa virðist vera gerð um í ákærulið III.

Refsing verður eigi dæmd fyrir tilraun til eggjatöku eða tilraun til þess að flytja eggin úr landi, sbr. niðurstöður um I. ákærulið hér að framan.

Ákærða hafði í vörslum sínum umrædd 8 egg, er ákærðu voru handtekin. Í skýrslu, sem hún gaf fyrir rannsóknarlögreglu, kannaðist hún við handhöfn sína á eggjunum og kvaðst hafa tínt þau á víðavangi sama dag. Síðar breytti hún framburði sínum á þann veg, að ákærði hefði fengið henni eggin í hendur. Ákærði hefur í skýrslum sínum fyrir rannsóknarlögreglu verið inntur nokkuð eftir þætti ákærðu. Af þeim kemur eigi fram, svo greinilegt sé, að ákærða hafi tekið þátt í leit að eggjum eða töku á þeim, þó að ljóst sé, að hún var í fylgd með ákærða alla ferðina. Ákærði hefur ekkert verið spurður um það við meðferð málsins, hvort ákærða hafi verið samverkamaður hans við brotin, og ákærða hefur sjálf engum spurningum svarað um sakarefnið. Gögn málsins þykja eigi fullnægjandi sönnun þess, að ákærða hafi staðið að brotum ákærða með honum, en upphafleg skýrsla ákærðu um, að hún hafi tínt eggin á víðavangi, er augljós markleysa. Samkvæmt þessu þykir ákærða einungis verða sakfelld fyrir ólöglegar vörslur á fálkaeggj-

um, og varða þær við 34. gr., sbr. 8. gr. og 39. gr. laga um fugla-veiðar og fuglafriðun.

Um ákærulið IV. Ákærði hefur kannast við, að hann hafi tekið vegmæla bifreiðanna úr sambandi og ekið hluta leiðarinnar með mælana ótengda. Hann telur sig ekki hafa gert þetta í þeim tilgangi að komast hjá greiðslu á fullu gjaldi, en segir þó, að hann hafi ætlað sér að leyna því, hve langt hann hefði ekið. Slík launung hefði leitt til lægri greiðslu en ákærða bar að inna af höndum, og hefur ákærði einnig kannast við, að sér sé það ljóst. Samkvæmt þessu verður að líta á þennan verknað ákærða sem tilraun til fjársvika, er varðar við 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða, Miroslav Peter Baly, ber að hafa hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og þar sem fjárvinningur vakti einnig fyrir honum með brotunum gegn lögum nr. 33/1966, þykir rétt samkvæmt 2. mgr. 49. gr. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976, að dæma honum sekt ásamt refsivist. Er refsingin hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi og 100.000.00 króna sekt. Vararefsing sektar skal vera 75 daga fangelsi. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaga er rétt að draga gæsluvarðahaldsvist ákærða í 4 daga frá fangelsisrefsingu hans.

Refsing ákærðu, Gabriele Uth-Baly, þykir hæfilega ákveðin 80.000.00 króna sekt, en vararefsing sektar 60 daga varðhald.

Samkvæmt 38. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun ber að gera upptæk þau 8 fálkaegg, sem hald var lagt á. Upptökukrafa í ákæru lýtur að öðru leyti að áhöldum og útbúnaði, sem notaður var við framningu brotanna, og ber einnig að fallast á þann hluta kröfunnar samkvæmt 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærðu til þess að greiða in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Í áður nefndu bréfi Guðmundar Jónssonar héraðsdómslögmanns til héraðsdómarans er það haft eftir ákærðu, að ákvörðun sína um að falla frá ósk um áfrýjun hafi hún tekið við harla furðulegar aðstæður. Hafi henni verið kynnt, að krafa yrði gerð á hendur henni um farbann, ef hún tæki þann kost að áfrýja. Mundi tryggingin ein ekki opna henni leið úr landi, og væri henni sú ein leið fær að una dómi og setja tryggingu fyrir sekt. Síðan segir svo í bréfi

lögmannsins:

„Af heilsufarsástæðum og fleiri persónulegum ástæðum höfðaði þetta „tilboð” ríkissaksóknara svo til umbj.m. að hún tók því í þeim tilgangi að komast úr landi.

Slík „verslun“ með grundvallarrétt þann, sem felst í heimild til að áfrýja dómi sínum til æðra dómstigs, telur umbj.m. augljóst brot á grundvallarreglum ísl. sakamálaréttarfars, og til þess eins fallið að grafa undan trú manna á réttarrikinu Íslandi.“

Þess er getið í bréfinu, að afrit þess séu send til ríkissaksóknara og þýska sendiráðsins.

Tilvitnuð ummæli lögmannsins eru ósæmileg, og ber að víta hann fyrir þau samkvæmt 188. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Miroslav Peter Baly, sæti fangelsi 3 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans 4 daga. Ákærði greiði 100.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 75 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða, Gabriele Uth-Baly, greiði 80.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptæk skulu 8 fálkaegg ásamt umbúðum, klaktaska með rafhitunarbúnaði og rafleiðslum, spennubreytir, sigbúnaður, 4 landabréf og 2 ljósmyndaflímur.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærðu greiði in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Stefáns M. Stefánssonar prófessors.

Miðað við málsatvik veita hvorki 188. gr. 1. nr. 74/1974 né aðrar reglur réttarfarslaga næga heimild til þess að taka til meðferðar kröfu ákærvaldsins um sektir á hendur Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

En jafnvel þó svo væri, ber að líta á, að í bókun sakadóms Reykjavíkur frá 23. maí sl. er að finna yfirlýsingar, sem skilja má þannig, að krafa ríkissaksóknara um farbann hafi verið tengd ákvörðun ákærðu um áfrýjun á óeðlilegan hátt. Fullnægjandi skýringar hafa ekki verið gefnar á þeim yfirlýsingum, sem þarna fóru fram. Af þessum sökum er heldur ekki grundvöllur til að taka til greina kröfu ákærvaldsins á hendur Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni.

Að öðru leyti er ég sammála meiri hluta dómenda í öllum greinum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. maí 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 23. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 246-247/1984: Ákærvaldið gegn Miroslav Peter Baly og Gabriele Uth-Baly, sem tekið var til dóms í gærdag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. maí 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Miroslav Peter Baly, fæddum 19. apríl 1961 í Plana í Tékkóslóvakíu og Gabriele Uth-Baly, fæddri 21. júní 1964 í Köln í Vestur-Þýskalandi, báðum vestur-þýskum þegnum, til heimilis í Flandrische Strasse nr. 16 í Köln þar í landi.

I.

Fyrir að hafa, er ákærðu voru hér á landi vikuna eftir 6. maí 1983, ferðast víða um Mývatnssveit í Suður-Þingeyjarsýslu og um sveitir Dalasýslu, leitað uppi mörg fálkahreiður, sem ákærðu vissu um á þessum svæðum, í því skyni að taka úr þeim fálkaegg og flytja með sér úr landi til útungunar í Þýskalandi.

Telst þetta athæfi ákærðu varða við 1., sbr. 2. og 3. mgr. 8. gr., sbr. 38 gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33, 1966, sbr. 47. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980 og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75, 1982, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Fyrir að hafa á ný eftir komu hingað til lands, hinn 22. apríl sl., ferðast dagana 23. til 27. apríl, um Mývatnssveit og Ásbyrgi, norður um Melrakka-sléttu og inn Þistilfjörð og síðan á ný til Mývatnssveitar, leitað að fálka-hreiðrum, sem ákærðu vissu um á þessum svæðum, í því skyni að taka úr þeim fálkaegg, farið að mörgum hreiðrum í þessu skyni, og tekið, föstu-daginn 27. apríl sl., tvö fálkaegg úr hreiðri við eða í Námafjalli og tvö fálkaegg úr hreiðri í Geitafelli.

Ennfremur fyrir að hafa, mánudaginn 30. apríl sl., ferðast um Hvamms-sveit, Fellsströnd, Klofning, Skarðsströnd og Saurbæjarhrepp í Dalasýslu, leitað að fálkahreiðrum í sama skyni, m.a. við Teig í Hvamms-sveit, og að hafa tekið fjögur fálkaegg úr hreiðri við Harastaði í Fellsstrandarhreppi.

Telst taka ofangreindra átta fálkaeggja varða við 1., sbr. 2. og 3.mgr. 8. gr., sbr. 38. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. 47. gr. nefndra laga nr. 75, 1982, sbr. 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga, en leit ákærðu að fálkaeggjum þykir varða við sömu lagaákvæði, sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Fyrir að hafa eftir töku framangreindra fálkaeggja úr hreiðrum, eins og rakið hefur verið, haft eggin á brott með sér, búið um þau í sérstakri klak-tösku með rafhitunarbúnaði og flutt í bifreiðum, fyrst með fjögur egg í R-38779 til Akureyrar, haft þau þar í fórum sínum, dagana 27. til 29. apríl, síðan flutt þau með sér með sama umbúnaði í bifreiðinni A-5122 vestur til Búðardals, þar sem ákærðu gistu til morguns hinn 30. apríl. Flutt þau með sér í bifreiðinni þann dag um sveitir Dalasýslu ásamt þeim fjórum eggjum, sem tekin voru við Harastaði, þar til þau voru handtekin við Ólafsdal í Saurbæjarhreppi, en þá hafði ákærða Gabriele Uth-Baly falið öll eggin innanklæða, allt í því skyni að flytja eggin úr landi til Þýskalands.

Telst þetta athæfi ákærðu varða við 1. mgr. 32. gr. og 34. gr., sbr. 39. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. 47. gr. nefndra laga nr. 75, 1982, sbr. 1. mgr. 2. gr. og sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga að því er tekur til 1. mgr. 32. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.

IV.

Á hendur ákærða Miroslav Peter Baly einum fyrir að hafa, er hann ferð-aðist um í framangreindum bifreiðum, R-38779, sem hann hafði tekið á leigu hjá bílaleigu Rósu Jóhannsdóttur, Grýtubakka 30 í Reykjavík, og A-5122, sem hann hafði tekið á leigu hjá Bílaleigu Akureyrar, Tryggvabraut 14 þar í bæ, tekið vegmæli bifreiðanna úr sambandi og ekið hluta leiðarinn-

ar með mælana ótengda í því skyni að komast hjá því að greiða hluta af leigugjaldi fyrir bifreiðarnar.

Telst þetta athæfi varða við 248. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til þess að sæta upp-töku átta fálkaeggja ásamt umbúðum, klaktösku ásamt rafhitunarbúnaði og rafleiðslum, spennubreytis, sigbúnaðar, þ.e. mjaðmabeltis, brjóstbeltis, allra lykkja, klemma og lása auk tauga allra og festa, fjögurra landabréfa, þar sem fálkahreiður eru merkt og tveggja ljósmyndafilma, þar sem m.a. sjást varpstaðir fálka, samkvæmt 38. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafrið-un og 69. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu beggja hafa þau ekki sætt refsingum hér á landi, svo kunnugt sé.

Samkvæmt vottorðum, sem borist hafa frá Vestur-Þýskalandi, hefur ákærða Gabriele Baly, ættarnafn föður er þá ókunnugt, ekki gerst brotleg við lög. Ákærði Miroslav Peter Baly hefur hins vegar verið dæmdur 11. júní 1982 í Köln fyrir þjófnað í 1 árs fangelsi (freiheitsstrafe) skilorðsbundið í 3 ár frá 19. júní 1982, en verknaður framinn 28. september 1981. Enn-fremur dæmdur þann 27. ágúst 1982 fyrir umferðarlagabrot.

Þá kemur fram í persónuskýrslu, sem gerð er af rannsóknarlögreglu, að hann hefur hlotið dóm sem unglingur, 14 daga vist á unglingastofnun

Málavextir.

Þann 28. apríl 1984, kl. 19:25, hringdi Ólafur Karl Nielsen fuglafræðingur til lögreglunnar á Húsavík og upplýsti, að egg hefðu verið tekin úr fálkahreiðri í Dimmuborgum í Mývatnssveit. Ennfremur að grunur væri á, að tekin hefðu verið egg úr hreiðri í Vindbelgjarfjalli í sömu sveit og Geitafells-hnúk í Reykjahverfi. Lögregluvarðstjóri á Húsavík fór með Ólafi í Dimmu-borgir og ljósmyndaði spor eftir gönguskó (fjallaklossa) og önnur minni eftir skó með finriffluðum sóla. Þessi fótspor lágu að fálkahreiðrinu í Vals-bjargi í Dimmuborgum. Ennfremur voru teknar ljósmyndir af förum eftir hjólbarða bifreiðar. Fuglafræðingurinn fékk síðan staðfest, að egg höfðu verið tekin úr fálkahreiðri í Vindbelgjarfjalli.

Daginn eftir staðfesti nefndur fuglafræðingur við lögregluna, að egg hefðu verið tekin úr fálkahreiðri í Geitafelli í Reykjahverfi. Sömu hjólför og skóför væri að finna í Geitafelli og í Dimmuborgum og greinilega sama fólk þar á ferð.

— — —

Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) var tilkynnt um málið sunnudaginn 29. apríl, er Ævar Petersen, fuglafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands,

hringdi til þeirra (sic) og tjáði, að undanfarna daga hefðu 2 þjóðverjar verið á ferð í Mývatnssveit, maður og kona.

RLR fékk fregnir af því, að fólk þetta hefði tekið á leigu bifreiðina A-5122 á Akureyri. Var lýst eftir bifreiðinni, sem er gul að lit með hvítan topp, af gerðinni Chevrolet Blazer. Gerðar voru ráðstafanir til þess, að fólkið slyppi ekki úr landi.

Þá fékk RLR þær upplýsingar hjá lögreglunni á Húsavík, að ákærðu hefðu verið í Mývatnssveit á bifreiðinni R-38779, silfurgrárri af Daihatsu-gerð. Reyndist sú bifreið tekin á leigu hjá bilaleigu í Reykjavík.

Upplýsingar fengust hjá gistihúsi í Reykjavík um það, að ákærðu höfðu gist þar aðfaranótt mánudagsins 23. apríl, en aðeins dvalið þá einu nótt. Hefðu þau hins vegar gist þar einnig 13. maí 1983, þá eina nótt og farið daginn eftir utan.

Að kvöldi mánudagsins 30. apríl voru ákærðu handtekin við Ólafsdal í Saurbæjarhreppi, eftir að fylgst hafði verið með þeim allt frá morgni þess dags, bæði af hálfu sýslumannsins í Dalasýslu og vegalögreglu úr Reykjavík.

Kristinn Jónsson, héraðslögreglumaður, Skarði á Skarðsströnd, sá um það fyrir sýslumann Dalasýslu að fylgjast með ákærðu. Hann hefur skýrt svo frá fyrir dómi þann 16. þ.m.

„Að morgni 30. f.m. hafði sýslmaður Dalasýslu samband við mig simleiðis og fór þess á leit, að ég færi í bifreiðinni, óeinkennisklæddur, suður á Fellsströnd til að hyggja að og fylgjast með tveim þjóðverjum, karli og konu sem þar mundu verða á ferð í bifreið, af gerð Chervolet Blazer með A-númeri, gulum og hvítum að lit. Lagði ég af stað innan stundar þessara erinda. Þegar ég kom að svonefndri Hafnará, sem kemur í Hvammsfjörð milli bæjanna Knarrarhafnar og Teigs, veitti ég athygli bifreið er svaraði til framanskráðrar lýsingar og hafði henni verið lagt Teigsmegin við Hafnará, neðan vegar. Bar bifreiðin einkennisstafina A-5122 og var hún mannlaus.

Vitnið fór þá heim að Teigi og hafði tal af bónda þar og móður hans, sem kvaðst hafa séð tvo menn ganga þar fyrir neðan bæ í áttina að eyðibýlinu Ketilsstöðum sem er þar utar á ströndinni. Hafði vitnið þá samband við sýslumann, sem óskaði að fylgst væri með áður nefndum bíl og fólki án þess þó að tortryggni þess yrði vakin.

Þar sem á þessu svæði er ekki unnt að veita fólki eftirför óséður, beið ég í Teigi, þangað til það kom til baka. Klukkan var þá tæplega 16:00, og gengu ferðalangar þessir samhliða að bifreiðinni. Í sjónauka sá ég að þarna var um karl og konu að ræða, og bar maðurinn grænan bakpoka nokkuð úttroðinn, en konan dökka tösku, sem hún bar á hægri öxl. Gekk maðurinn aftur fyrir bifreiðina og fleygði pokanum inn í farangursgeymslu

bifreiðarinnar, en konan opnaði hægri hurð bifreiðarinnar og fór inn í aftursæti þar sem hún virtist vera að athafna sig eitthvað. Mun hafa liði um hálf klukkustund uns bifreiðinni var ekið af stað í átt að Fellsstrandarvegi og síðan til vesturs.

Vitnið, sem var í rússajappa, fylgdi fljótlega á eftir umræddri Blazer-bifreið allt vestur fyrir klif, rétt fyrir vestan bæinn Harrastaði en þar ók vitnið fram á þennan bíl, kyrrstæðan. Vitnið sá jafnframt til ferðar manns upp í hlið og hvarf hann þar á bak við stein. Stúlkan, sem vitnið taldi þá sömu, er hann hafði áður séð við bifreiðina nærri Teigi, sá hann ganga með sjónum neðan þjóðvegur.

Vitnið ók bifreið sinni áfram út til Ytra-Fells og dvaldi þar u.þ.b. 15 mínútur, en sneri þá aftur sömu leið. Þegar vitnið nálgadist Blazerinn, sá hann stúlkuna kom í átt að honum frá sjónum, en þegar hún virtist hafa komið auga á bifreið vitnisins, sneri hún við í átt til sjávar. Manninn kveðst vitnið ekki hafa séð að þessu sinni.

Þessu næst ók vitnið til Staðarfells og fékk bóndann þar til að aka sér í öðrum bíl að fyrrnefndu Klifi, en þá var Blazerbifreiðin farin af staðnum. Ætlar vitnið heildardvöl hennar á staðnum muni hafa verið sem næst klukkustund.

Vitnið fór nú aftur að Staðarfelli og lét koma boðum til lögreglumannanna Viðars Vaage og Ólafs Gunnarssonar um að Blazerbifreiðin muni vera á leið til Skarðsstrandar.“

Næst þegar vitnið sá fólkið, hafði það verið handtekið.

Við leit á ákærðu, Gabriele Uth-Baly, fundust 8 fálkaegg í vösum hennar. Ýmis búnaður fannst í bifreiðinni, bæði til eggjatöku og geymslu eggja við rétt hitastig. Í ljós kom, að grannar rafleiðslur höfðu verið tengdar við rafgeymi bifreiðarinnar, og á enda þeirra var tengikló, sem hægt var að tengja hitabúnaðartækið við. Sams konar búnaður var í hinni bifreiðinni.

Ákærðu höfðu fátt um ferðir sínar að segja í fyrstu. Fljótlega kom þó að því, að ákærði Miroslav Peter Baly gaf ítarlega skýrslu, sem kom heim og saman í flestu við þær grunsemdir, sem vaknað höfðu um töku fálkaeggja.

Ákæruskjal var síðan samið á grundvelli játningar hans og þá einnig stuðst við takmarkaða skýrslu ákærðu, Gabriele Uth-Baly. Verður nú fjallað um einstaka kafla hennar:

I. kaflí ákæru:

— — —
Ákærðu hafa gefið skýrslu um þessa ferð hjá RLR. Skýrsla ákærða, Miroslav Peter Baly, er greinargóð. Hann segir þar, að hann hafi ákveðið að fara til Íslands á vegum annars manns til að sækja fálkaegg. Sá maður

hafi greitt sér fyrirfram vegna ferðakostnaðar og annarra útgjalda 5.000 DM. Hann hafi síðan átt að fá 15% af söluandvirði hvers fugls, sem úr eggji kæmi. Hann hafi tekið konu sína með og þau komið til landsins 6. maí 1983. Þau hafi þá haft meðferðis sömu kort af landinu með punkta-merkingum og þau hafi verið með í ár. Þau hafi farið á hreiðurstaði í Mývatnssveit og einnig á því svæði, sem þau voru handtekin nú. Kvað hann fálkahreiðrin hafa verið tóm og því engin egg verið tekin. Þau hafi því farið tómhent af landi brott eftir vikutíma. Þá hafi verið ályktað, að þau hafi verið of seint á ferð, og því ákveðin önnur ferð 2 vikum fyrr að ári.

Ákærða, Gabriele Uth-Baly, hefur sagt, að hún hafi verið með manni sínum í fyrra og hann þá verið að leita fálkaeggja.

Ákærði Miroslav Peter Baly vildi fyrir dómi draga úr framburði sínum. Hann hélt því þar fram, að ferðin í fyrra hafi einungis verið undirbúningsferð fyrir ferðina í ár.

Ekki er unnt að leggja trúnað á þessa breytingu í framburði ákærða, þótt fyrir dómi sé gefin. Hún er öllu ósennilegri. Þar kemur fram, að egg finnst ekki í fálkahreiðrum, þegar komið sé það langt fram í maí, sbr. skýrslu ákærða fyrir dóminum. Í málinu liggur fyrir skýrsla Ólafs Karls Nielsen fuglafræðings, sem fyrr hefur verið vitnað til, og þar kemur fram, að egg voru tekin úr hreiðri í Geitafelli í Reykjahverfi dagana 10.-15. maí 1983.

Ákærða, Gabriele Uth-Baly, hefur ekki viljað tjá sig neitt fyrir dómi, hvorki um þetta né annað.

Niðurstaða.

Sannað telst með framburðum ákærðu beggja og stoð í öðrum gögnum, að ákærðu voru hér á ferð í maí í fyrra og frömdu verknað, sem lýst er í I. kafla ákæru. Verknadurinn varðar við 1., sbr. 2. og 3. mgr. 8. gr., sbr. 38. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33, 1966, sbr. 47. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. og III. kafli ákæru:

Ákærði, Miroslav Peter Baly, viðurkenndi fyrir dómi, að lýsingin í ákæru væri rétt í öllum atriðum. Hann vísaði jafnframt til skýrslna sinna hjá RLR og staðfesti þær.

Ákærða, Gabriele Uth-Baly, vildi ekki tjá sig fyrir dóminum. Hún staðfesti einungis, að hún hefði gefið skýrslur hjá RLR og undirritað sumar þeirra.

Hún hefur verið afar treg að gefa rétta mynd af ferðum þeirra hjóna. Hún hefur tjáð sig um það, að henni hafi verið ljós tilgangur ferðar í ár;

en ekki verið ljóst, að þau væru að fremja refsiverðan verknað. Ákærða hefur einnig borið því við, að henni hafi ekki verið ljóst, að eggin voru úr fálkahreiðrum.

Þessum fullyrðingum hennar verður að vísa á bug. Öll sú leynd, er hvíldi yfir ferðum þeirra, hlýtur að gefa tilefni til að trúá því, að ákærðu, Gabriele Uth-Baly, hafi verið fyllilega ljóst, að þau hjón voru hér að fremja refsiverðan verknað. Enda er slíkur verknaður refsiverður víðar en á Íslandi.

Þá verður það að teljast aldeilis ómögulegt, að hjón fari saman til Íslands til að kanna fálkahreiður og síðan á ný til að ræna þau eggjum og aðeins manningum, en ekki konunni, hafi verið ljóst, að eggin, sem þau báru með sér, voru fálkaegg, en ekki egg anda eða máva.

Ákærðu hafa bæði haldið því fram, að einungis eigenmaðurinn hafi farið að hreiðrunum og tekið eggin. Konan hafi ekki komið nærri hreiðrum nema af tilviljun á gönguferðum þeirra, hvað þá að hún hafi tekið úr þeim egg. Þessi saga er mjög ótrúverðug, og virðist maðurinn með framburði sínum vera að bera blak af konu sinni.

Skóför við hreiður og vætti vitna, er sáu hjónin ganga bæði í átt til hreiðurstaða hljóta að benda til þess, að konan hafi farið með að einhverjum hreiðrunum. Og vissulega er hægt að gera fleira en þrila í klettum að hreiðrum og nappa (sic) sjálfum eggjunum. Mjög er líklegt, að ákærða, Gabriele Uth-Baly, hafi á meðan staðið vörð og með því verið manni sínum til fyllsta halds og trausts.

Þá hafa ákærðu bæði borið hjá RLR, að eigenmaðurinn hafi verið fenginn til þess af öðrum að fara báðar ferðirnar til Íslands. Hann hefur sjálfur lýst því, að hann hafi fengið fyrirfram vegna ferðar í ár 7.000.- DM. Hann hefur þá væntanlega átt að fá 15% af andvirði fugla, er úr eggjum kæmu, eins og til stóð í fyrra. Ekkert liggur fyrir, er hnekki þessu eða því, að ákærða, Gabriele Uth-Baly, hafi farið í ferðina með manni sínum án vitneskju þess, er sendi hann.

Þá má að lokum benda á, að eggin fundust á ákærðu, Gabriele Uth-Baly, þegar þau hjón voru handtekin. Hún hefur haldið því fram, að maður hennar hafi látið þau þar, en hann haldið því fram, að hún hafi haft nægilega stóra vasa, en hann reiknað með því, að ekki yrði leitað á þeim við handtöku.

Í málinu liggur fyrir bréf frá menntamálaráðuneytinu, þar sem fram kemur, að ákærðu höfðu ekki aflað sér heimildar til töku eggja úr hreiðrum villtra fugla eða flytja slík egg úr landi.

Samkvæmt skýrslu Ævars Petersen fuglafræðings eru engin önnur egg hér á landi lík fálkaeggjum. Önnur skýrsla sama manns fjallar um merkingar á kortum, er hjónin höfðu með sér, svo og um hugsanlegt verðmæti

fálkaeggjanna, ef tekist hefði að koma þeim í verð með útungun og sölu fálka. Ævar Petersen fékk áður nefndan Ólaf Karl Nielsen fuglafræðing sér til ráðgjafar, en hann stundar doktorsnám í Cornellháskóla í Bandaríkjunum, og er íslenski fálkinn doktorsverkefni hans. Ólafur er, segir skýrslugjafinn, orðinn mjög kunnugur fálkastöðum á Norðausturlandi eftir 3ja ára rannsóknir.

Í skýrslunni segir, að af 62 staðarmerkingum á kortunum samanlagt sé vitað um, að fálki verpi eða hafi orpið á a.m.k. 34 þeirra staða.

Um verðmætið segir í skýrslunni, að verð á fálkum fari mikið eftir lit fuglanna. Þeir séu sendir til Mið austurlanda fullvaxnir, en Arabar temji þá oftast sjálfir. Því hvítari sem fuglarnir eru því meira er verð þeirra. Fullvaxinn hvítfálki selst á 700-740 þús. krónur. Hvítfálkinn á heima á Grænlandi, en kemur hingað að vetrarlagi. Íslenskir fálkar eru mismunandi hvítir og verð eftir því breytilegt, frá 440-590 þús. krónur.

Þá segir í skýrslunni, að sú fálkategund, sem fyrirfinnst hér á landi (*Falco rusticolos*) sé eftirsóknarverðasta fálkategundin í Mið austurlöndum og því verðmætust þeirra allra.

Í skýrslunni segir að lokum, að klakarárangur sé breytilegur, en unnt sé að hugsa sér 40-80%, eða 3-6 egg. Ef þau yrðu að fullvöxnum fálkum, gæti söluverðmæti þeirra verið 1.4—2.8 milljónir ísl. króna brúttó.

Niðurstöður II. III. kafla.

Ákærðu eru bæði sek fundin um að hafa framið þau brot, er verknaðarlýsing ákærunnar nær til. Byggist það á viðurkenningum þeirra og öðrum gögnum málsins.

Telst taka átta fálkaeggja varða við 1., sbr. 2. og 3. mgr. 8. gr., sbr. 38. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. 47. gr. nefndra laga nr. 75, 1982, en önnur leit ákærðu að fálkaeggjum þykir varða við sömu lagaákvæði, sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Handhöfn fálkaeggjanna þykir varða við 34. gr., sbr. 39. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. 47. gr. nefndra laga nr. 75, 1982, en ætlun þeirra að fara með eggin úr landi tekur til 1. mgr. 32. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

IV. kafla ákæru.

Ákærði, Miroslav Peter Baly, hefur viðurkennt að hafa, „er hann ferðaðist um í framangreindum bifreiðum, R-38779, sem hann hafði tekið á leigu hjá bílaleigu Rósu Jóhannsdóttur, Grýtubakka 30 í Reykjavík, og A-5122, sem hann hafði tekið á leigu hjá Bílaleigu Akureyrar, Tryggvabraut 14 þar í bæ, tekið vegmæli bifreiðanna úr sambandi og ekið hluta leiðarinn-

ar með mælana ótengda í því skyni að komast hjá því að greiða hluta af leigugjaldi fyrir bifreiðarnar.“

Hann hefur sagt, að ástæðan til þessa verknaðar hafi eingöngu verið sú að leyna þeim vegarlengdum, sem hann ók, en hann hafi ekki haft í hyggju að svíkja út fé. Hann var spurður þess, hvort hann ætlaði að greiða eftir einhverju öðru en stöðu vegmæla. Hann kvaðst þá mundu óhjákvæmilega hafa orðið að greiða samkvæmt þeim. Af hans hálfu hefur einnig verið bent á, að gjaldið hafi verið gert upp að fullu.

Að mati dómarans er um sérstakt brot að ræða, en ekki hluta af öðrum brotum ákærða.

Verknaðarlýsing er rétt í ákæru, og telst verknaður sannaður með stöð í játningu og öðrum gögnum og þykir varða við 248. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvörðun refsinga o.fl.

Kapólski biskupinn í Reykjavík hefur skrifað dóminum bréf, þar sem hann lýsir kynnum sínum af ákærðu, Gabriele Uth-Baly. Ber hann henni vel söguna og biður henni vægðar. Einnig hefur verið lagt fram í málinu vélritað eftirrit af segulbandi, þar sem systir ákærðu, Gabriele Uth-Baly lýsir uppvexti hennar og ýmsum atvikum í lífi hennar til þessa. Einnig þar fær ákærða góð ummæli systur sinnar, sem er 4 árum eldri en ákærða.

Ákærðu hafa hvorug verið dæmd hér á landi. Ákærði, Miroslav Peter Baly, hefur hlotið dóma í heimalandi sínu, en ákærða, Gabriele Uth-Baly, ekki svo kunnugt sé.

Ákærðu hafa framið verknaði, sem stuðla að því að gera íslenska náttúru fábreyttari. Náttúruvernd er mjög rík í huga fólks hér á landi, og hefur áhugi fyrir henni farið ört vaxandi. Vegið er að hagsmunum heillar þjóðar, náttúru lands hennar. Skiptir þá litlu hagnaður af hverju einstöku eggi eða uppkomnum fálka úr því, þótt sannarlega geti hann verið mikill. Verðmætamatið á náttúru lands hefur verið breytilegt og er breytilegt á hverjum tíma, en í dag verður að líta svo á, að með verknaði, sem hér er ákært fyrir, sé verið að ræna þjóðina verðmætum, sem ekki verði metin til fjár.

Íslensk löggjöf hefur að þessu leyti verið rýmkuð mjög. Í dag varðar brot á fuglafriðunarlögum sekt, sem getur hæst orðið kr. 1.000.000.00, varðhaldi eða fangelsi um ótilgreindan tíma. Þessi rýmkun á refsíákvæðum fuglafriðunarлага varð með gildistöku laga nr. 75, 1982 í júní 1982. Áður varð einungis refsað með sektum og það fremur lágum. Ekki liggur vafi á, hvað að baki býr. Löggjafinn ætlast til, að þungt sé tekið á brotum gegn þessum lögum.

Í málinu liggur fyrir atлага að lífríki Íslands tvö ár í röð. Fyrri árið var ekki um töku neinna eggja að ræða, svo kunnugt sé, en tilraun til töku

og flutnings úr landi. Í ár voru ákærðu handtekin með 8 fálkaegg, tekin úr þremur hreiðrum. Þau hafa játað á sig að hafa leitað í fleiri hreiðrum, en segjast ekki hafa fundið fleiri egg.

Þá hefur ákærði, Miroslav Peter Baly, viðurkennt að hafa tekið vegmæla tveggja bifreiða úr sambandi, sem óhjákvæmilega hefði leitt til fjársvika, hefðu ákærðu komist á leiðarenda.

Þegar virða skal refsingu ákærðu, verður litið til þess, að margt í máli þessu bendir til nokkru sterkari brotavilja ákærða, Miroslav Peter Baly, en konu hans, ákærðu Gabriele Uth-Baly.

Refsing ákærða, Miroslav Peter Baly, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði og sekt kr. 300.000.00 í ríkissjóð.

Refsing ákærðu, Gabriele Baly, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði og sekt kr. 200.000.00 í ríkissjóð.

Rétt þykir að fresta fullnustu fangelsisrefsingar beggja í 3 ár frá dómsuppkvaðningu, enda haldi ákærðu hvort um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærðu sátu í gæsluvarðhaldi hvort um sig í 4 daga, og skal sá tími dreginn frá, ef refsing kemur til framkvæmda.

Sektir greiðist innan 4 vikna frá dómsbirtingu, ella sæti ákærði, Miroslav Peter Baly, varðhaldi í 5 mánuði, en ákærða, Gabriele Uth-Baly, varðhaldi 3 mánuði.

Upptæk skal gera til ríkissjóðs 8 fálkaegg, sem hald var lagt á við rannsókn málsins. Frekari heimild er ekki í 38. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. lög nr. 75, 1982, 47. gr., þar sem vísað er beint til 69. gr. almennra hegningarlaga og kveðið á um upptöku eggja og hagnaðar af ólöglegri eggjatöku. Þar er því tæmandi talið.

Ákærði, Miroslav Peter Baly, greiði réttargæslu- og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 20.000.00.

Verjandi ákærðu, Gabriele Uth-Baly, Guðmundur Jónsson hdl., hefur afsalað sér réttargæslu- og málflutningslaunum.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Miroslav Peter Baly, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærða, Gabriele Uth-Baly, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Fullnustu refsinga beggja skal fresta, og fellur refsing niður að liðnum um 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærðu hvort um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955. Komi refsing til framkvæmda, skulu dragast frá 4 gæsluvarðhaldsdagar hjá hvoru um sig.

Þá greiði ákærði, Miroslav Peter Baly, 300.000.00 króna sekt í ríkissjóð og ákærða, Gabriele Uth-Baly, kr. 200.000.00.

Í stað sektar komi varðhald, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu, hjá ákærða, Miroslav Peter Baly, 5 mánaða varðhald og hjá ákærðu, Gabriele Uth-Baly, 3 mánaða.

Upptæk skulu vera til ríkissjóðs 8 fálkaegg, sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Ákærði, Miroslav Peter Baly, greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 20.000.00, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 98/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Sigurbirni Halldórssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds til þyngingar með stefnu 2. maí 1984, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. ágúst sl.

Samkvæmt nýjum gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, ákvað dómsmálaráðuneytið hinn 27. apríl 1984, að ákærða skyldu veitt ökuréttindi að nýju samkvæmt umsókn hans. Mun hinn áfrýjaði dómur, sem upp var kveðinn 17. s.m., þá ekki hafa verið orðinn kunnur ráðuneytinu. Vegna dómsins hefur ákærði ekki fengið afhent ökuskírteini sitt að nýju.